

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
b.t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2016

Efni: Tillaga til þingsályktunar um að efla samstarf Íslands og Grænlands (23. mál)

Icelandair Group þakkar fyrir það tækifæri á að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar, sem ætlað er að efla samstarf á milli Íslands og Grænlands. Dótturfélag Icelandair Group, Flugfélag Íslands, flýgur reglulega á milli Grænlands og Íslands og hefur félagið því mikla hagsmuni af því að samstarf þjóðanna verði sem best verður á kosið.

Icelandair Group fagnar þeirri viðleitni að efla samstarf á milli Íslands og Grænlands enda telur félagið að það verði til hagsbóta fyrir bæði ríki. Icelandair Group styður því tillöguna og þá sérstaklega ákvæði h-liðs þar sem fram kemur að efla skuli samstarf um ferðapjónustu, m.a. um að auka aðdráttarafl beggja landanna með því að gera Grænland að áfangastað ferðamanna sem koma til Íslands.

Icelandair Group telur þó að stefna beri að enn frekara samstarfi milli ríkjanna heldur en því sem er mælt fyrir um í þingsályktunartillögunni. Þannig telur félagið að stefna beri að því að gera loftferðasamning milli Íslands og Grænlands sem er sambærilegur þeim sem í gildi eru innan Evrópska efnahagssvæðisins. Eins og staðan er í dag geta íslenskir flugrekendur flogið á milli Íslands og Grænlands en takmarkanir eru til staðar varðandi heimildir íslenskra flugrekenda til að fljúga innan Grænlands. Icelandair Group telur æskilegt að vinna að því að auka heimildir íslenskra flugrekenda til að stunda flug innan Grænlands og þá einnig grænleuskra flugrekenda til að stunda flug innan Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. Icelandair Group hf.



Ari Guðjónsson hdl.